STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2001

21. júní 2001 1255 Nr. 496

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Breyting á deiliskipulagi Salahverfis (Hlynsalir 1-3 og 5-7 og Lómasalir 6-8, 10-12 og 14-16).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 1. mars 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi fjölbýlishúsa við Hlynsali 1-3 og 5-7 og Lómasali 6-8, 10-12 og 14-16. Í breytingunni felst að byggingarreitir húsanna færist til sem nemur 0,5-2 metrum. Breytingin var grenndarkynnt. Athugasemdir bárust og var tillögunni breytt til að koma til móts við þær.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. Elliðahvammur. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 8. maí 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Elliðahvamms í Vatnsenda. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir byggingarreit fyrir landbúnaðarbyggingu, gróðurskála, bílgeymslu og smáhýsi í tengslum við ferðaþjónustu ásamt tjaldstæði og bílastæðum. Athugasemdir bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt. Deiliskipulag Elliðahvamms er hluti deiliskipulags svæðis í Vatnsenda, á *„Milli vatns og vegar"*.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. „Milli vatns og vegar". Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 8. maí 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi svæðisins „Milli vatns og vegar". Í deiliskipulaginu er m.a. fyrirhuguð íbúðarbyggð með 27 nýjar íbúðarlóðir með húsum á 1-2 hæðum og bílgeymslum sem geta staðið sér. Gert er ráð fyrir að sumarbústaðir á svæðinu verði fjarlægðir þegar íbúðarhús verða byggð að undanskildum bústöðum nr. 7 og 10a við Vatnsendablett sem fá takmarkaðan stöðurétt og nr. 19 og 42 með heilsársbúsetu. Akstursaðkoma almennings að svæðinu verður á tveim stöðum. Hesthús og gerði má byggja á íbúðarlóðum sem eru 1400 m^2 eða stærri skv. áður samþykktum skilmálum frá júlí 1992 og ákvörðun bæjaryfirvalda. Landbúnaður er áfram fyrirhugaður í Vatnsenda og Elliðahvammi auk ferðaþjónustu. Athygli er vakin á því að deiliskipulag *Elliðahvamms* er hluti þessa deiliskipulags þ.e. svæðisins „Milli vatns og vegar". Ennfremur mun deiliskipulag fyrir Vatnsendablett 241 A, samþykkt í bæjarráði 2. desember 1999, falla úr gildi við gildistöku þessa

nýja deiliskipulags sem og svæði á deiliskipulagsuppdráttum sem samþykktir voru í bæjarstjórn 29. október 1992 og 10. maí 1994 þar sem svæði skarast. Á það við Vatnsendabletti 22, 23, 27 og 343.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogskirkjugarður. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. mars 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi Kópavogskirkjugarðs. Breytingin varðar innra skipulag garðsins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. júní 2001.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

Nr. 497 27. júní 2001

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

5. liður um merkingar í D-hluta 2. viðauka, II. kafla, orðast svo:

Umbúðir próteinfóðurs sem ætlað er fyrir loðdýr og gæludýr skulu vera greinilega merktar með a.m.k. 9 punkta letri, með eftirfarandi áletrun: „Þetta fóður inniheldur dýraafurðir – óheimilt er að gefa það dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis“ eða „Gæludýrafóður sem inniheldur dýraafurðir er óheimilt að gefa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis“. Þegar gæludýrafóður er selt í einingum sem eru 1000 grömm að þyngd eða minni, er heimilt að setja þessar upplýsingar á skilti/auglýsingaspjöld á hillubrúnir á sölustað, með a.m.k. 10 punkta letri undir eða fyrir ofan viðkomandi vöru, þó þannig að ekki leiki vafi á við hvaða fóður sé átt. Auk þess skulu umbúðir alls fóðurs sem inniheldur dýraprótein vera greinilega merktar með nákvæmri efna- og innihaldslýsingu í samræmi við 15. gr. I. kafla, sbr. nánari ákvæði í 7., 8., 9. og 10. viðauka, II. kafla, þar sem fram kemur að í fóðrinu séu dýraafurðir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir